

ALMENNT UM GÓLFLÖKK

1. Saltsýrupvott eða gaumgæfilega véslípun er nauðsynlegt að framkvæma til að fjarlægja allt sementsgjall. Við saltsýrupvott skal nota 10 til 15% saltsýru. Hún fæst með því að blanda sterka saltsýru (konc) með 2 hlutum af vatni. Ávallt skal hella sýrunni í vatnið, en EKKI öfugt. Bera skal þessa blöndu á flötinn, þ.a. 1 lítri fari á 1 fermetra, hentugt er að nota plastgarðkönnu til verksins. Þegar sýran hefur legið 5 til 10 mín. á fletinum skal skola hana burt með miklu magni af vatni og láta steininn þorna vel fyrir málun. Laust gjallið skal sópa eða ryksuga í burtu. Notið hlífðargleraugu og hlífðarföt þegar unnið er með saltsýru.

2. Þegar mála á jarðgólf, þá er rétt að athuga hvort gólfraki er fyrir hendi. Það má gera t.d. með því að leggja plastdúk á gólfið, loka samskeytum plasts og gólfs og láta standa yfir nótt. Ef raki þéttist við plastið þá getur verið varasamt að mála gólfið. Leitið þá á lits sérfræðinga Málningar hf.

3. Varast ber að mála ferska steinsteypta fleti með alkýðmálningu (t.d. Eðalgólflakki). Steinsteypan er þá enn mjög basísk (lútarkennd) og brýtur niður bindiefnið í málningunni, sem flagnar þá af fletinum. Þessi áhrif flatarins á málninguna kallast að málningin „sápið“. Steinsteypa er um 3 til 4 vikur að ná fullum styrk. Á meðan á hörðunartíma steinsteyppunnar stendur er ekki ráðlagt að mála flötinn.

4. Efnapól

	Safir	Epoxy-lakk	Eðal-gólflakk	EpoX 1
Ammoníak (<25%)	1	1	3	2
Vatn	1	1	1	1
Bensín	1	1	2	1
Díselólía	1	1	2	1
Jurta og fiskiolíur	1	1	2	1
Geymasýra	2	1	3	2
Saltsýra (<20%)	1	1	3	2
Vítissóði (<50% NaOH)	1	1	3	2
Mínalterpentína	1	1	2	1
Etanól (>15%)	1	2	2	2
Metýlenklóríð	3	3	3	3
Borðvín	1	1	2	1

1= Gott efnapól 2= Takmarkað efnapól 3= Ekki efnapólið

VERKLÝSINGAR

1. GÓLF ÞAR SEM SLITÁLAG ER MIKIÐ, t.d. á verkstæðum, í verksmiðjum og í fiskvinnsluhúsum

- a) **UNDIRBÚNINGUR:** Flöturinn skal vera hreinn og þurr, sementsgjall skal fjarlægja með véslípun eða saltsýrupvotti.
- b) **MÁLUN:**
- 1) Ein umferð EPOXYLAKK 15-30% þynnt með EPOXYÞYNNI. Efnisnotkun um 0,12 l/m².
1-2 umferðir EPOXYLAKK. Efnisnotkun um 0,11 l/m² í umferð. Fjöldi umferða skal miðast við það álag sem flöturinn verður fyrir.
 - 2) Ein umferð SAFÍR 10-20% þynnt með KJARNAPYNNI. Efnisnotkun um 0,12 l/m².
1-2 umferðir SAFÍR. Efnisnotkun um 0,11 l/m² í umferð. Fjöldi umferða skal miðast við það álag sem flöturinn verður fyrir.
 - 3) Ein umferð EPOX 1 þynnt 10 til 15% með vatni. Efnisnotkun um 0,10 l/m².
1 - 2 umferðir með EPOX 1. Fjöldi umferða skal miðast við það álag sem flöturinn verður fyrir.

2. GÓLF ÞAR SEM SLITÁLAG ER EKKI MIKIÐ, t.d. á geymslugólf og þar sem létt, gangandi umferð er til staðar.

- a) **UNDIRBÚNINGUR:** Flöturinn skal vera hreinn og þurr.
- b) **MÁLUN:** 1) EÐALGÓLFLAKK Mála tvær umferðir þar af skal þynna fyrri umferðina 10% með Mineralterpentínu. Efnisnotkun 0,10 l/m².
2) EPOX 1 Mála tvær umferðir þar af skal þynna fyrri umferðina 10% með vatni. Efnisnotkun 0,10 l/m².



Dalvegur 18 - 201 Kópavogur
sími 580 6000 - www.malning.is

Prentvinda: LITAPRENT ehf

málning
- það segir sig sjálft -

ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA
ENN MEIRI Gæði




EÐALGÓLFLAKK


Fljótþornandi, slitsterkt alkýðlakk. Gott til rykbindingar á gólfum og til notkunar á stöðum, þar sem ekki er krafist hæstu gæða í slitstyrk og efnapoli.



Dúngrátt



Antikhvítt



Perluhvítt



Ljósgrátt



Móbrúnt



Mógrænt

Að auki má velja úr fjölda lita á Eðalgólflakki með litun á stofni.



EPOXYLAKK

Tvíþátta hágljáandi, epoxybundið, lakk í flokki þeirra lakktegunda sem hafa mestan slitstyrk og efnapól. Epoxylakk hentar vel á gólf og vélar, t.d. í sundlaugum, á verkstæðum og víðar. Epoxylakk notist eingöngu með Epoxyherði 15.

Epoxylakk fæst einnig hvítt og glært



Dúngrátt



Sefgrænt



Leirbrúnt

Nýtt!

EPOX 1

EPOX 1 er tvíþátta, hágljáandi, **vatnsþynnt**, epoxybundið lakk, sem er í flokki slitsterkustu lakktegunda. EPOX 1 hefur frábæra viðloðun við flest öll byggingarefni þar á meðal keramikflísar. EPOX 1 er því ákjósanlegt á gólf og vegg, í fiskvinnsluhúsum, öðrum matvælaíðnaði, verksmiðjum og annars staðar, þar sem mikils álags er að vænta. EPOX 1 notast eingöngu með EPOX 1 herði.

EPOX 1 fæst hvítt, dúngrátt og glært. Það má fá fjölda lita á EPOX 1 með litun í hvítt.



SAFÍR


Einþátta, hágljáandi pólýúretanlakk sem harðnar fyrir áhrif raka andrúmsloftsins. Safir hentar vel á gólf og vegg, þar sem hæstu kröfur eru gerðar til slitstyrks og efnapóls, t.d. í fiskvinnslustöðvum, á verkstæðum og í bílageymslum.



Dúngrátt



Ljósdrapp



Perluhvítt



Mógrænt

